



# Efnisyfirlit


Stjórnir, nefndir og embættismenn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4

Ávarp bæjarstjóra . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5

Fjármála- og stjórnsýslusvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .6

Framkvæmda- og tæknisvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .12

Kópavogur, rætur í gamalli sögu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .16

Fræðslusvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18

Tómstunda- og menningarsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .22

Félagssvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .28

Ársreikningur 2006 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .34

# Stjórnir, nefndir og embættismenn

(Tilteknir eru fulltrúar Kópavogsbæjar í stjórnum og nefndum m. v. 1. sept. 2006.

BÆJARSTJÓRN:
Ármann Kr. Ólafsson, forseti
Ómar Stefánsson
Gunnar I. Birgisson
Gunnsteinn Sigurðsson
Ásthildur Helgadóttiri
Sigurrós Þorgrímsdóttir
Guðríður Arnardóttir
Hafsteinn Karlsson
Jón Júlíusson
Flosi Eiríksson
Ólafur Þór Gunnarsson

BÆJARRÁÐ:
Ómar Stefánsson formaður
Gunnar I. Birgisson
Gunnsteinn Sigurðsson
Guðríður Arnardóttir
Hafsteinn Karlsson

ATVINNU- OG UPPLÝSINGANEFND:
Ragnheiður K. Guðmundsdóttir form.
Jóhanna Thorsteinsson
Sveinn Sigurðsson
Jens Sigurðsson
Gunnar Magnússon

BYGGINGARNEFND:
Þórir Kjartansson formaður
Hallgrímur Arnarson
Hörður Páll Eggertsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Finnbjörn Hermannsson

FERLINEFND:
Helga Skúladóttir formaður
Einar Sveinn Ólafsson
Jóhann Guðmundsson

FÉLAGSMÁLARÁÐ:
Gunnsteinn Sigurðsson formaður
Gísli Rúnar Gíslason
Sigurbjörg Vilmundardóttir
Margrét S. Sigbjörnsdóttir
Magnús Norðdahl

HAFNARSTJÓRN:
Þór Guðmundsson formaður
Pétur Birgisson
Samúel Örn Erlingsson
Hafdís Benediktsdóttir
Hannes Hauksson
Gunnar I. Birgisson hafnarstjóri

HEILBRIGÐISNEFND
KÓPAVOGS- OG
HAFNARFJARÐARSVÆÐIS:
Halla Halldórsdóttir formaður
Steingrímur Steingrímsson

HÚSNÆÐISNEFND:
Ólöf Pálína Úlfarsdóttir formaður
Margrét Halldórsdóttir
Atli Þórsson
Þorsteinn Ingimarsson
Björk Óttarsdóttir

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ:
Ásthildur Helgadóttir formaður
Sigurður Konráðsson
Alexander Arnarson
Sigrún Jónsdóttir
Tjörvi Dýrfjörð

JAFNRÉTTISNEFND:
Una María Óskarsdóttir formaður
Jarþrúður Ásmundsdóttir
Guðmundur H. Helgason
Kristín Pétursdóttir
Kristján Ingi Gunnarsson

KJARANEFND:
Gunnar I. Birgisson formaður
Guðríður Arnardóttir

KJÖRSTJÓRN:
Jón Atli Kristjánsson
Haukur Ingibergsson
Grétar Kristjánsson

LEIKSKÓLANEFND:
Samúel Örn Erlingsson formaður
Lovísa Ólafsdóttir
Unnur Jónsdóttir
Rut Kristinsdóttir
Gunnar Gylfason

LISTA- OG MENNINGARRÁÐ OG
STJÓRN LISTASAFNS KÓPAVOGS:
Sigurrós Þorgrímsdóttir formaður
Vífill Harðarson
Einar Tómasson
Ragnhildur Helgadóttir
Ása Richardsdóttir

SKIPULAGSNEFND:
Einar Kristján Jónsson formaður
Ármann Kr. Ólafsson
Hafsteinn Reykjalín
Guðmundur Örn Jónsson
Jón Júlíusson

SKÓLANEFND:
Andrés Pétursson formaður
Gróa Ásgeirsdóttir
Áshildur Bragadóttir
Álfheiður Ingimarsdóttir
Þór Ásgeirsson

STJÓRN HÉRAÐSSKJALASAFNS:
Hilmar Björgvinsson formaður
Hrafnhildur Hjaltadóttir
Bjarni Ólafsson

STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA
KÓPAVOGSBÆJAR:
Ómar Stefánsson
Flosi Eiríksson

STJÓRN TÓNLISTARHÚSS KÓPAVOGS :
Gunnar I. Birgisson formaður
Jón Guðlaugur Magnússon
Ólöf Þorvaldsdóttir

UMFERÐARNEFND:
Guðmundur Þorsteinsson formaður
Einar Sigurðsson
Guðný Pálsdóttir
Sigurður Grétarsson
Bjarni Gaukur Þórmundsson

UMHVERFISRÁÐ:
Margrét Björnsdóttir formaður
Ingimundur Guðmundsson
Hjörtur Sveinsson
Margrét Júlía Rafnsdóttir
Arnþór Sigurðsson

VINABÆJANEFND:
Margrét Sigmundsdóttir formaður
Hildigunnur Lóa Högnadóttir
Heiðrún Sverrisdóttir

HELSTU EMBÆTTISMENN:

BÆJARSTJÓRI: Gunnar I. Birgisson

FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ:
Framkvæmdastjóri:
Páll Magnússon (bæjarritari)
Fjármála- og hagsýslustjóri:
Guðrún Pálsdóttir
Bæjarlögmaður:
Þórður Clausen Þórðarson
Starfsmannastjóri: Þorsteinn Einarsson
Aðalbókari: Guðrún Einarsdóttir
Bæjargjaldkeri: Sæþór Fannberg
Deildarstjóri launadeildar:
Doron Eliasen
Deildarstjóri upplýsingadeildar:
Sigurður Björnsson
Jafnréttisráðgjafi: Kristín Ólafsdóttir
Héraðsskjalavörður: Hrafn
Sveinbjarnarson

FRAMKVÆMDA- OG TÆKNISVIÐ:
Framkvstj.: Steingrímur Hauksson
(bæjarverkfræðingur)
Skrifstofustjóri: Geir Arnar Marelsson
Skipulagsstjóri: Smári Smárason
Deildarstjóri hönnunardeildar:
Steingrímur Hauksson
Deildarstjóri framkvæmdadeildar:
Stefán L. Stefánsson
Byggingarfulltrúi: Gísli Norðdahl
Yfirverkstjóri: Jóhannes Pétursson
Garðyrkjustjóri: Friðrik Baldursson

FRÆÐSLUSVIÐ:
Framkvæmdastjóri: Árni Þór Hilmarsson
Eftirlits- og kennslufulltrúi:
Hannes Sveinbjörnsson
Rekstrarstjóri: Sigurður Benjamínsson
Leikskólafulltrúi: Sesselja Hauksdóttir

TÓMSTUNDA- OG MENNINGARSVIÐ:
Framkvæmdastjóri: Björn Þorsteinsson
Bæjarbókavörður: Hrafn A. Harðarson
Verkefnisstjóri ÍTK: Gunnar
Guðmundsson
Æskulýðsfulltrúi: Linda Udengaard
Rekstrarfulltrúi: Valdimar Valdimarsson
Íþróttafulltrúi: Jón Júlíusson
Forstöðumaður Náttúrufræðistofu
Kópavogs: Hilmar Malmquist
Forstöðumaður Gerðarsafns:
Guðbjörg Kristjánsdóttir
Forstöðumaður Salarins:
Vigdís Esradóttir
Héraðsskjalavörður: Hrafn
Sveinbjarnarson

FÉLAGSSVIÐ:
Framkvæmdastjóri:
Aðalsteinn Sigfússon (félagsmálastjóri)
Yfirmaður rekstrardeildar: Atli Sturluson
Yfirmaður þjónustudeildar aldraðra:
Svanhildur Þengilsdóttir
Yfirmaður fjölskyldudeildar:
Kolbrún Ögmundsdóttir
Yfirmaður þjónustudeildar fatlaðra:
Guðlaug Ósk Gísladóttir
Daggæslufulltrúi: Emilía Júlíusdóttir
Yfirmaður húsnæðisdeildar:
Ragnar Snorri Magnússon

# Ávarp bæjarstjóra



Gunnar I. Birgisson

*Kæru Kópavogsbúar*

*Mikilvægasta hlutverk kjörinna stjórnmálamanna er að setja verkefni á dagskrá. Þetta kann við fyrstu sýn að þykja einfalt, en er það svo sannarlega ekki. Rithöfundurinn Lewis Carroll lýsir því snilldarlega í sögunni um Lísu í Undralandi að ef maður veit ekki hvert förinni er heitið, skiptir litlu máli hvaða leið er farin. Og þannig er það í stjórnmálunum. Þegar núverandi stjórnendur Kópavogsbæjar hófust handa við hina miklu uppbyggingu í Kópavogi fyrir meira en einum og hálfum áratug, lá alveg ljóst fyrir hvert stefna átti. Markmiðið var að gera Kópavogsbæ eftirsóknarverðari til búsetu með fjölbreyttum atvinnutækifærum og iðandi mannlífi. Verkefnið var sett á dagskrá eftir kosningarnar 1990.*

*Árið 2006 var sextánda árið í samfelldri röð framkvæmdaára sem markað hafa leiðina sem farin var. Kópavogur hefur tekið stórstígum breytingum og við höfum fyrir löngu náð þeim áfanga að gera bæinn eftirsóknarverðan til búsetu. Sömuleiðis hefur atvinnulífið dafnað og nú eru fleiri störf í boði í Kópavogi en fyrir bæjarbúa eina. Þrátt fyrir þann góða árangur sem náðst hefur er upphaflega markmiðið enn í fullu gildi. Stjórnendur Kópavogsbæjar líta svo á að uppbygging bæjarins sé ekki markmið sem hægt er að ná í eitt skipti fyrir öll. Verkefnið er viðvarandi.*

*Þegar lönd eru brotin fyrir ný hverfi þarf að taka stefnumarkandi ákvarðanir. Gera þarf ráð fyrir nauðsynlegri þjónustu í nýjum hverfum, ekki bara frá sveitarfélaginu, heldur einnig frá óskyldum aðilum, eins og verslun. Skipulag verður því að taka mið af fjölmörgum þáttum sem bæjarfélagið hefur lítið vald yfir þegar fram líða stundir. Í raun er sömu sögu að segja um þjónustu sveitarfélagsins sjálfs. Skólar í nýjum hverfum eru fullsetnir í byrjun en með tímanum vaxa börnin úr grasi, fólk í þessum hverfum eldist og þjónustukröfur breytast. Stjórnendum bæjarins er skylt að hafa gát á þessum aðstæðum og hafa á takteinum áætlanir um endurskipulagningu eldri hverfa. Stöðugt þarf að taka mið af breyttum aðstæðum og mismunandi skoðunum íbúanna. Leiðin að því markmiði sem stjórnendur Kópavogsbæjar settu sér strax árið 1990 liggur um undralönd hins mannlega lífs, en það er einmitt það sem gerir verkefni stjórnmálanna áhugavert en um leið erfitt.*

*Í rauninni höfum við stjórnendur Kópavogsbæjar litið á bæinn sem fyrirtæki sem á í samkeppni við önnur sveitarfélög. Við höfum litið svo á að samkeppnisyfirburðir felist í hraðri ákvarðanatöku og vel skipulögðum framkvæmdum. Í Kópavogi er kappkostað að ganga fljótt frá öllum þjónustuþáttum í nýjum hverfum og hafa þá sem mest tilbúna þegar hverfi eru fullbyggð, en það er afar sjaldséð hjá öðrum sveitarfélögum. Þetta hefur skilað árangri og nýtt fólk flytur í Kópavog í stórum stíl.*

*Undirstaða alls þessa er hins vegar traustur fjárhagur. Jafnt og þétt hefur fjárhagsstaða Kópavogsbæjar verið byggð upp og á árinu 2006 varð rekstrarafgangur bæjarins yfir fjögur þúsund og sex hundruð milljónir króna og eiginfjárstaðan um og yfir fimmtíu prósent. Þetta er rekstrarárangur sem ekkert annað sveitarfélag getur státað af.*

*Gæfa Kópavogsbæjar er gott starfsfólk sem hefur borið hitann og þungann af framkvæmd þeirra verkefna sem ráðist hefur verið í. Ég færi þeim mínar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óska bæjarbúum velfarnaðar.*



*Gunnar I. Birgisson*

*bæjarstjóri*

# Fjármála- og stjórnsýslusvið

- Fjármála- og stjórnsýslusvið (bæjarritari)
  - Fjármála- og hagsýsludeild
  - Lögfræðideild
  - Starfsmannadeild
  - Upplýsingadeild







*Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins, ráðinn af bæjarstjórn. Hann hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarráðs og bæjarstjórnar og fer ásamt bæjarráði með framkvæmda- og fjármálastjórn bæjarins. Bæjarstjóri er yfirmaður starfsmanna bæjarins og æðsti embættismaður.*




Meirihlutasamstarf er með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Bæjarráð er skipað 5 bæjarfulltrúum

Fjármála- og stjórnsýslusvið er stoðsvið fyrir önnur svið bæjarkerfisins. Bæjarritari er framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs. Hann samræmir og hefur með höndum stjórn á starfsemi er undir sviðið heyra, svo sem fjármál, starfsmannamál, markaðs- og kynningarmál, tölvumál, skjalavörslu auk annarra starfsþátta bæjarskrifstofu.

**Deildir sem heyra undir Fjármála- og stjórnsýslusvið:**

- Fjármála- og hagsýsludeild.
- Lögfræðideild.
- Starfsmannadeild.
- Upplýsingadeild.

**Helstu stjórnsýslunefndir, sem starfa að málefnum sem undir Fjármála- og stjórnsýslusvið heyra:**

- Atvinnu- og upplýsinganefnd.
- Bæjarráð, sem er framkvæmdaráð bæjarins.
- Jafnréttisnefnd.
- Kjaranefnd.
- Kjörstjórnir.
- Stjórn lífeyrissjóðs.
- Ýmsar samstarfsnefndir og stjórnir.

Reglulegir fundir bæjarstjórnar eru haldnir annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar kl.16:00, nema í júlí, ágúst og desember eru þeir aðeins þriðja þriðjudag fyrrgreindra mánaða. Fundir bæjarstjórnar eru auglýstir og að jafnaði opnir almenningi. Á árinu 2006 hélt bæjarstjórn 23 fundi.

Framkvæmdaráð bæjarins, bæjarráð, er eingöngu skipað bæjarfulltrúum og fer með framkvæmdastjórn bæjarins ásamt bæjarstjóra. Fundir bæjarráðs eru að jafnaði haldnir vikulega, á fimmtudögum kl. 12.15. Fundirnir eru ekki opnir almenningi. Á árinu 2006 hélt bæjarráð 48 fundi.

Pólitískt kjörnar nefndir eru bæjarstjórn og bæjarráði til ráðgjafar um stefnumótun og afgreiðslu mála. Árið 2006 var kosið í um 30 nefndir og stjórnir á vegum bæjarins, en þessi fjöldi getur breyst lítillega á milli ára.

**Helstu verkefni Fjármála- og hagsýsludeildar:**

- Fjárhagsáætlanir.
- Fjárhagseftirlit.
- Bókhald, árshlutauppgjör og ársreikningar.
- Álagning og innheimta gjalda.
- Fjárstýring bæjarins.

# Fjármála- og stjórnsýslusvið








Fjármálastjórn er einn af mikilvægustu þáttunum í umsýslu sveitarfélaga. Upplýsingar um rekstur og fjármál koma fram í ársreikningum og aðferðir við reikningshald, uppgjör og reikningsskil eru þær sömu og hjá hverju öðru fyrirtæki. Sömu grundvallarlögmál gilda við fjármálastjórn sveitarfélags og fyrirtækja. Fyrir hvert ár eru gerðar nákvæmar fjárhagsáætlanir. Tekjuáætlanir eru byggðar á ítarlegri gagnasöfnun um vinnumarkað, atvinnulíf og launaþróun, spá um íbúaþróun og aðstæður á fjármálamörkuðum. Útgjaldarammar eru ákveðnir fyrir rekstur málaflokka og gerðar framkvæmdaáætlanir. Í ársreikningum Kópavogsbæjar er gerð grein fyrir rekstrarniðurstöðu hvers árs í samanburði við fjárhagsáætlanir ársins og rekstrarniðurstöðu ársins á undan.




Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu 2006 námu 16.883 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 14.032 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 15.930 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 13.110 millj. kr.




**Rekstrarafgangur**

Lykiltala sem sýnir hversu miklum hluta af skatttekjum er ráðstafað til reksturs málaflokka. Með rekstrargjöldum er átt við rekstur allra málaflokka án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Rekstrarniðurstaða bæjarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 4.261 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 2.347 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 4.611 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 2.442 millj. kr.








**Eigið fé**

Lykiltala sem sýnir fjárhagslegan styrk en í lykiltölunni er eigin fé stillt upp á móti skuldum og eigin fé.

Eigið fé bæjarfélagsins í árslok 2006 nam 13.731 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A hluta nam 14.391 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið var í árslok 2006 55% hjá aðalsjóði en 49% hjá samstæðunni.




**Þróun íbúafjölda**

Þróun íbúafjölda skiptir máli þegar mat er lagt á tekjustrauma og gjöld. Ef litið er til landsins alls er íbúafjölgun að meðaltali um 1%. Vöxtur Kópavogsbæjar hefur verið verulega umfram það.




Íbúar Kópavogsbæjar 1. desember 2006 voru 27.536 og fjölgaði þeim um 1.068 frá fyrra ári eða um 4%.

**Helstu verkefni Lögfræðideildar:**

- Löginnheimta fyrir bæjarsjóð og meðferð uppboðsmála.
- Ráðgjöf við bæjarstjórn og bæjarráð í lögfræðilegum álitaefnum.
- Rekstur dómsmála og málflutningur fyrir bæinn.
- Samningagerð.
- Útgáfa ýmissa leyfa.

**Helstu verkefni Starfsmannadeildar:**

- Fræðsla og símenntun.
- Jafnréttismál.
- Kjarasamningar og launavinnsla.
- Ráðgjöf við önnur svið og deildir varðandi starfsmannatengd málefni.

# Fjármála- og stjórnsýslusvið





Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 5.975 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá bæjarfélaginu nam að meðaltali 1.410 stöðugildum í árinu. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 51,8 millj. kr. á árinu 2006.

Kópavogsbær hefur sett sér starfsmannastefnu og er stefnan birt á vef bæjarins. Skriflegar starfslýsingar eru almennt notaðar og sett hefur verið stefna í símenntunarmálum. Þá kveða kjarasamningar á um rétt starfsmanna til símenntunar og námsleyfa samkvæmt ákveðnum reglum.

**Helstu verkefni Upplýsingadeildar:**

- Markaðsmál.
- Auglýsinga- og kynningarmál bæjarins.
- Ráðgjöf í viðskipta- og markaðsmálum við smærri fyrirtæki í bænum.
- Rekstur og þjónusta við upplýsinga- og tölvukerfi bæjarins.
- Rekstur og þjónusta við upplýsingavef Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær hefur sett sér jafnréttisstefnu og málsmeðferðarreglur sem taka mið af jafnréttissjónarmiðum.




**Nettó skuld**

Hér eru teknir saman veltufjármunir og langtímakröfur sveitarfélags í efnahagsreikningi að frádregnum skammtíma- og langtímaskuldum þess. Hér er peningaleg staða skoðuð á hvern íbúa í þúsundum króna. Með því fæst lykiltala sem er samanburðarhæf milli sveitarfélaga án tillits til stærðar þeirra.

Lífeyrisskuldbindingar nema rúmlega 2,7 milljörðum króna, sem kann að þykja há tala. Bæjarsjóður Kópavogs stendur hins vegar mun betur gagnvart lífeyrisskuldbindingum en flest önnur sveitarfélög. Árum saman hefur verið greitt ríflegt viðbótarframlag úr bæjarsjóði vegna lífeyrisskuldbindinga og á árinu 2006 var þetta framlag 350 milljónir króna.






## Áætlaður rekstrarreikningur 2007 til 2009

| Allar fjárhæðir í þús. kr. | Árið 2007 | | Árið 2008 | | Árið 2009 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Sveitarsjóður | Samantekið A+B | Sveitarsjóður | Samantekið A+B | Sveitarsjóður | Samantekið A+B |
| **Tekjur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 9.327.764 | 9.327.764 | 10.087.977 | 10.087.977 | 10.910.147 | 10.910.147 |
| Framlög jöfnunarsj. sveitarfélaga | 82.194 | 82.194 | 88.893 | 88.893 | 96.138 | 96.138 |
| Aðrar tekjur | 3.974.199 | 4.967.586 | 4.298.096 | 5.372.444 | 4.648.391 | 5.810.298 |
| | 13.384.157 | 14.377.544 | 14.474.966 | 15.549.314 | 15.654.675 | 16.816.583 |
| **Gjöld:** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6.009.533 | 6.060.573 | 6.685.004 | 6.741.782 | 7.436.399 | 7.499.558 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 150.000 | 150.000 | 150.000 | 150.000 | 150.000 | 150.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.150.905 | 4.329.001 | 4.489.204 | 4.681.815 | 4.855.074 | 5.063.383 |
| Afskriftir | 404.494 | 811.315 | 437.460 | 877.438 | 473.113 | 948.949 |
| | 10.714.932 | 11.350.890 | 11.761.668 | 12.451.034 | 12.914.586 | 13.661.889 |
| Rekstrarniðurst. fyrir fjármagnsliði | 2.669.225 | 3.026.654 | 2.713.297 | 3.098.280 | 2.740.089 | 3.154.693 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.) | ( 93.141 ) | ( 567.004 ) | ( 100.732 ) | ( 613.215 ) | ( 108.942 ) | ( 663.192 ) |
| Óvenjulegir liðir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **2.576.084** | **2.459.650** | **2.612.565** | **2.485.065** | **2.631.147** | **2.491.502** |

# Framkvæmda- og tæknisvið

**Framkvæmda- og tæknisvið**
(bæjarverkfræðingur)

- **Hönnunardeild**
- **Framkvæmdadeild**
- **Byggingareftirlit**
- **Bæjarskipulag**
  Skipulags- og umhverfismál







*Bæjarverkfræðingur er framkvæmdastjóri sviðsins. Hlutverk Framkvæmda- og tæknisviðs er umsjón með verklegum framkvæmdum, hönnun mannvirkja, skipulagsmálum og byggingareftirliti.*

Helstu stjórnsýslunefndir sem starfa að málefnum sem undir sviðið heyra:

- Byggingarnefnd.
- Skipulagsnefnd.
- Umferðarnefnd.
- Umhverfisráð.
- Framkvæmdadeild.

## Framkvæmdir við gamlar götur



*Mánabraut.*

Til gatnaframkvæmda var varið einum milljarði króna. Helstu framkvæmdir í eldri hluta bæjarins:

- Gatnamót Urðarbrautar og Kópavogsbrautar.
- Gatnamót Smiðjuvegar og Reykjanesbrautar.
- Vesturvör.
- Mánabraut.
- Yfirbygging yfir Hafnarfjarðarveg – Gjáin.



*Gatnamót Urðarbrautar og Kópavogsbrautar.*

## Framkvæmdir við nýjar götur

Helstu framkvæmdir við nýjar götur:

- Þing III.
- Þing IV.
- Þing V.
- Kórar I. áfangi.
- Dalvegur, hljóðvarnaraðgerðir.
- Vatnsendi, iðnaðarsvæði.



*Gatnaframkvæmdir við Þingin á Vatnsenda.*

# Framkvæmda- og tæknisvið





## Byggingarframkvæmdir á vegum bæjarins námu rúmum tveimur milljörðum króna árið 2006



*Ný 25 m laug, heitir pottar og búningsklefar rísa í Sundlaug Kópavogs.*

### Helstu nýframkvæmdir:

- Vatnsendaskóli.
- Hörðuvallaskóli.
- Knatthús við Vallakór.
- Sundlaug Kópavogs.
- Ungmennahús.
- Leikskólinn við Baugakór 25.



*Vatnsendaskóla.*



*Ungmennahús rís við Hamraborg.*

### Helstu skipulagsverkefni:

- Kjóavellir.
- Vatnsendi, framhald.
- Kársnes.
- Hvörf, atvinnusvæði.
- Rjúpnahæð, Hnoðraholt.
- Glaðheimasvæði.







## Byggingar á vegum Kópavogsbæjar 2006

| Í byggingu í ársbyrjun | Gerð byggingar | Áfangar | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|---|
| Baugakór 25 | Leikskóli | | 854 | 3,515 |
| Baugakór 38 | Hörðuvallaskóli | | 2,509 | 11,694 |
| Funahvarf 2 | Vatnsendaskóli | 2.-.4. | 3,255 | 13,393 |
| **Samtals** | | | **6,617** | **28,602** |

| Hafin bygging | Gerð byggingar | Áfangar | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|---|
| Borg.holtsbr.17 | Sundlaug | | 2,787 | 4,686 |
| Dalsmári 7 | Íþróttastúka | | 1,445 | 5,333 |
| Hábraut 2 | Ungmennahús | | 564 | 2,261 |
| Vallakór 12 | Knatthús | | 14,440 | 200,263 |
| **Samtals** | | | **19,236** | **212,543** |

| Lokið byggingu | Gerð byggingar | Áfangar | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|---|
| Baugakór 25 | Leikskóli | | 854 | 3,515 |
| **Samtals** | | | **854** | **3,515** |

| Í byggingu í árslok | Gerð byggingar | Áfangar | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|---|
| Baugakór 38 | Hörðuvallaskóli | | 2,509 | 11,694 |
| Borgarholtsbr.17 | Sundlaug | | 2,787 | 4,686 |
| Dalsmári 7 | Íþróttastúka | | 1,445 | 5,333 |
| Funahvarf 2 | Vatnsendaskóli | 2.-.4. | 3,255 | 13,393 |
| Hábraut 2 | Ungmennahús | | 564 | 2,261 |
| Vallakór 12 | Knatthús | | 14,440 | 200,263 |
| **Samtals** | | | **25,000** | **237,630** |

## Byggingarframkvæmdir í Kópavogi 2006

| Í byggingu í ársbyrjun | Fjöldi íbúða | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|
| Einbýlishús | 92 | 24,739 | 84,937 |
| Rað-, par- og tvíbýlishús | 65 | 15,044 | 49,077 |
| Fjölbýlishús | 661 | 98,410 | 291,247 |
| **Samtals** | **818** | **138,193** | **425,261** |

| Hafin bygging | Fjöldi íbúða | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|
| Einbýlishús | 59 | 18,617 | 61,496 |
| Rað-, par- og tvíbýlishús | 55 | 12,132 | 38,500 |
| Fjölbýlishús | 455 | 68,841 | 210,888 |
| **Samtals** | **569** | **99,590** | **310,883** |

| Lokið byggingu | Fjöldi íbúða | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|
| Einbýlishús | 43 | 10,509 | 36,468 |
| Rað-, par- og tvíbýlishús | 23 | 5,066 | 17,208 |
| Fjölbýlishús | 309 | 41,988 | 126,149 |
| **Samtals** | **375** | **57,563** | **179,825** |

| Í byggingu í árslok | Fjöldi íbúða | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|---|
| Einbýlishús | 108 | 32,847 | 109,965 |
| Rað-, par- og tvíbýlishús | 97 | 22,110 | 70,368 |
| Fjölbýlishús | 807 | 125,263 | 375,986 |
| **Samtals** | **1,012** | **180,220** | **556,319** |




# Kópavogur

## Rætur í gamalli sögu

Talið er að Kjalarnesþing, undanfari Alþingis við Öxará, hafi verið háð í Kópavogi, í Þingnesi við Elliðavatn, skömmu eftir landnám.

1523 Fyrstu ritaðar heimildir um þingstað við Kópavog.

1662 Kópavogsfundurinn. Íslendingar samþykkja erfðaeinveldi Danakonungs.

1930 Upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavog má rekja til heimskreppunnar miklu, þegar jörðunum Kópavogi og Digranesi var skipt upp í nýbýlareiti fyrir fátækt fólk í þeim tilgangi að vinna bug á atvinnuleysi heimskreppunnar.

1948 Kópavogur verður sjálfstætt sveitarfélag 1. janúar.

1949 Fyrsti skólinn í Kópavogi stofnaður, Kópavogsskóli.

1950 Fyrsta íþróttafélagi í Kópavogi komið á fót, Ungmennafélaginu Breiðabliki.

1953 Bókasafn Kópavogs stofnað.

1955 Kópavogur fær kaupstaðarréttindi 11. maí.

1962 Fyrsta kirkjan í Kópavogi vígð, Kópavogskirkja.

1973 Menntaskólinn í Kópavogi er stofnsettur.

1991 Sundlaug Kópavogs tekin í notkun.

1994 Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, tekur til starfa.

1994 Lokið við byggingu íþróttahússins Smárans í Kópavogsdal.

1999 Menningarmiðstöð Kópavogs og Tónlistarhús Kópavogs, Salurinn, taka til starfa.

2001 Verslunarmiðstöðin Smáralind opnuð.

2002 Fífan, fjölnota íþrótta- og sýningarhöll opnuð.

2006 Kópavogur næststærsta sveitarfélag landsins með um 27.500 íbúa.




## Íbúaþróun

Íbúum Kópavogs hefur á undanförnum 10 árum fjölgað um 50%. Árið 2006 fjölgaði þeim um 1.068, úr 26.468 í 27.536 eða um 4%. Árið 2005 fjölgaði þeim um 665, úr 25.803 í 26.468 eða um 2,6%. Árið 2004 fjölgaði íbúum bæjarins um 451 eða 1,8%. Á árinu 2003 fjölgaði þeim um 336 eða um 1,3%, 2002 um 725 eða um 3,0%. Á árinu 2001 fjölgaði þeim um 644 eða um 2,7%. Árið 2000 um 1.079 eða um 4,1% og 1999 um 1.317 eða um 5,8%. Í árslok 1995 voru íbúar Kópavogs 17.660. Þeim hefur því fjölgað um 8.852 á tíu árum eða um 50%. Á sama tíma fjölgaði íbúum í Reykjavík og á landinu öllu í kringum 10%. Búast má við örri fjölgun næstu árin í samræmi við framboð og úthlutun nýrra lóða.

# Fræðsluvið

Fræðsluvið
(fræðslustjóri)

- Grunnskóladeild
- Leikskóladeild
- Rekstrardeild







*Fræðslusvið hefur með höndum alla stjórnsýslu sem varðar grunnskólana, leikskólana, Skólahljómsveit Kópavogs og kvöldskóla Kópavogs.*

Deildir sem heyra undir Fræðslusvið:

- Grunnskóladeild.
- Leikskóladeild.
- Rekstrardeild.

Stjórnsýslunefndir sem starfa að málefnum sem undir Fræðslusvið heyra:

- Leikskólanefnd.
- Skólanefnd.



*Digranesskóli.*

## Grunnskólar

Haustið 2006 voru starfandi tíu grunnskólar í Kópavogi. Nemendur voru samtals 3.886 í 189 almennum bekkjardeildum og þremur sérdeildum. Allir grunnskólarnir eru heildstæðir. Nánast allir kennaranna hafa fulla kennaramenntun og talsverður fjöldi framhaldsmenntun að auki. Grunnskólar Kópavogs vinna eftir samningum um rammafjárveitingar, fjárhagslega ábyrgð og sjálfstæði í ýmsum þáttum skólastarfsins.

Helstu verkefni Fræðslusviðs:

- Ábyrgð á menntun barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla.
- Ráðgjöf og eftirlit.
- Fjárhagsáætlanir og fjárhagslegt eftirlit.

Fjöldi nemenda í grunnskólum Kópavogs

| | Fjöldi nemenda |
|---|---|
| Digranesskóli | 406 |
| Hjallaskóli | 397 |
| Kársnesskóli | 504 |
| Kópavogsskóli | 345 |
| Lindaskóli | 588 |
| Salaskóli | 409 |
| Smáraskóli | 489 |
| Snælandsskóli | 434 |
| Vatnsendaskóli | 202 |
| Hörðuvallaskóli | 80 |
| Í sérdeildum | 32 |
| **Samtals** | **3.886** |

Sérfræðiþjónusta í grunnskólum:

- Kennsluráðgjöf.
- Talkennarar.
- Sálfræðingar.
- Stuðningsfulltrúar.
- Sérkennarar.
- Lestrargreining.
- Hvammshús, sérúrræði.
- Ástún, sérúrræði.





**Kjarninn í samningum um sjálfstæði grunnskóla:**

- Frjálst val um grunnskóla.
- Kennslumagn eftir nemendafjölda.
- Gangaverðir og ræstar eftir fermetrum og nemendafjölda.
- Einn námsráðgjafi á hvern grunnskóla.
- Sérfræðiþjónusta eftir nemendafjölda.
- Tómstunda- og félagsstörf eftir nemendafjölda.
- Tölvuumsjón ávallt 12 klst. á viku.
- Foreldrasamstarf eftir fjölda bekkjadeilda.
- Vörukaup eftir nemendafjölda.
- Þjónustukaup eftir nemendafjölda.
- Dægradvöl eftir þátttöku 1. október.
- Inneignir og skuldir færast yfir á næsta ár.







## Leikskólar

Kópavogsbær rekur sextán leikskóla. Í leikskólum Kópavogs eru rými fyrir 1739 börn, en auk þess eru þrír einkareknir leikskólar í bænum, Kjarrið, Ylur og Undraland, með 110 - 130 leikskólarými.

## Aðrir skólar

Í Skólahljómsveit Kópavogs eru að jafnaði 140 nemendur og átta kennarar auk stjórnandans. Hópnum er skipt eftir aldri og kunnáttu í þrjár hljómsveitir sem koma fram við hvers konar tækifæri allt árið.



*Frá sumarhátíð leikskóla Kópavogs.*





**Börn í leikskólum í Kópavogi**

| Fædd | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Samtals | 2-5 ára | fj. rýma | fj. barngilda | fj.dvalarstunda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Furugrund | 26 | 17 | 12 | 19 | 6 | 80 | 74 | 80 | 94 | 633 |
| Urðarhóll | 35 | 36 | 34 | 36 | 0 | 141 | 141 | 141 | 152 | 1.056 |
| Núpur | 24 | 24 | 25 | 25 | 10 | 108 | 98 | 108 | 135 | 807 |
| Dalur | 24 | 21 | 19 | 24 | 6 | 94 | 88 | 94 | 111 | 727 |
| Arnarsmári | 16 | 18 | 16 | 32 | 14 | 96 | 82 | 96 | 140 | 800 |
| Efstihjalli | 23 | 17 | 28 | 24 | 16 | 108 | 92 | 110 | 138 | 885 |
| Grænatún | 12 | 22 | 17 | 12 | 2 | 65 | 63 | 64 | 77 | 501 |
| Kópasteinn | 20 | 13 | 18 | 19 | 6 | 76 | 70 | 76 | 88 | 595 |
| Fífusalir | 025 | 24 | 34 | 28 | 8 | 119 | 111 | 119 | 148 | 950 |
| Rjúpnahæð | 33 | 9 | 24 | 41 | 12 | 119 | 107 | 119 | 160 | 952 |
| Kópahvoll | 17 | 28 | 18 | 21 | 0 | 84 | 84 | 82 | 98 | 693 |
| Fagrabrekka | 15 | 14 | 15 | 20 | 4 | 68 | 64 | 68 | 86 | 551 |
| Marbakki | 16 | 13 | 16 | 15 | 4 | 64 | 60 | 64 | 78 | 526 |
| Álfaheiði | 17 | 17 | 24 | 24 | 4 | 86 | 82 | 88 | 104 | 655 |
| Smárahvammur | 20 | 18 | 22 | 23 | 12 | 95 | 83 | 94 | 119 | 741 |
| Álfatún | 7 | 15 | 14 | 20 | 32 | 88 | 56 | 88 | 123 | 692 |
| Hvarf | 19 | 23 | 42 | 35 | 5 | 124 | 119 | 124 | 151 | 980 |
| Kór | 11 | 21 | 16 | 20 | 16 | 84 | 68 | 124 | 112 | 664 |
| **Samtals** | **349** | **329** | **378** | **418** | **141** | **1.615** | **1.474** | **1.739** | **2.114** | **12.744** |
| **Hlff.af h.fjölda** | **89%** | **90%** | **93%** | **91%** | **37%** | **80%** | **91%** | | | |

Á listanum eru börn sem hafa fengið úthlutað rými en eru ekki byrjuð á leikskólanum. Dvalarstundir í Kór og Hvarfi eru áætlaðar.

# Tómstunda- og menningarsvið

Tómstunda- og menningarsvið (framkvæmdastjóri)

- Íþrótta- og æskulýðsdeild
- Safnadeild
- Menningarmál
- Félagsheimili Kópavogs







*Undir starfsemi Tómstunda- og menningarsviðs heyrir rekstur menningarmiðstöðvar, safnastarfsemi og menningarmál í bænum. Sömuleiðis heyrir allt íþrótta- og tómstundastarf undir sviðið og rekstur Félagsheimilis Kópavogs.*

Deildir sem heyra undir Íþrótta- og tómstundasvið:

- Lista- og menningarráð sem jafnframt er stjórnarnefnd Listasafns Kópavogsbæjar.
- Íþrótta- og tómstundaráð.
- Stjórn Héraðsskjalasafns.
- Vinabæjanefnd.
- Þátttaka í ýmsum stjórnum og ráðum.

## Íþrótta- og æskulýðsdeild

Í Kópavogi starfa tólf íþróttafélög og eru stundaðar á þeirra vegum eftirtaldar íþróttagreinar; blak, borðtennis, dans, fimleikar, frjálsar íþróttir, golf, handknattleikur, hestaíþróttir, karate, knattspyrna, körfuknattleikur, siglingar, skák, skíði, skotfimi, sund, svifflug og tennis.

### Sundlaug Kópavogs

Sundlaug Kópavogs hefur verið einn vinsælasti sundstaður landsins síðastliðin ár. Í sundlauginni er líkamsræktarstöð, Nautilus, sem rekin er af sænskum aðilum.



*Hjólreiðakappar.*

Aðsókn í Sundlaug Kópavogs og Salalaug

| Ár | Sundlaug Kópavogs | Salalaug |
|---|---|---|
| 1991 | 213.926 | |
| 1992 | 236.755 | |
| 1993 | 236.795 | |
| 1994 | 262.573 | |
| 1995 | 282.000 | |
| 1996 | 306.950 | |
| 1997 | 341.873 | |
| 1998 | 400.332 | |
| 1999 | 426.182 | |
| 2000 | 430.292 | |
| 2001 | 478.718 | |
| 2002 | 477.132 | |
| 2003 | 495.000 | |
| 2004 | 472.000 | |
| 2005 | 377.501 | 257.694 |
| 2006 | 273.605 | 357.000 |



*Sundlaug Kópavogs.*





### Íþróttamiðstöðin í Versölum

Á útisvæði íþróttamiðstöðvarinnar er útisundlaug 25 x 15 m, tveir heitir pottar, iðulaug, vaðlaug, eimbað, vatnsrennibraut með hringlaug og vatnsorgel, en í því er hægt að kalla fram vatnssúlu eftir hljómfalli. Innan íþróttamiðstöðvarinnar er að finna þrekmiðstöð Nautilus, íþróttasal sérútbúinn fyrir fimleika og boltaíþróttir og félagsaðstöðu Gerplu.



*Vatnsorgel í Salalaug.*

### Fífan, knattspyrnu- og sýningarhöll

Í Fífunni er auk knattspyrnuvallar í fullri stærð góð aðstaða til iðkunar frjálsíþrótta. Þá hefur húsið nýst almenningi vel til göngu á ákveðnum tímum dags og verið leigt út til almennings og íþróttafélaga til íþróttaiðkunar. Fífan er einnig mjög hentug til sýningarhalds af ýmsum toga.



*Fífan og íþróttaaðstaða í Kópavogsdal.*

### Íþróttavellir

Í Kópavogi eru um 22 sparkvellir ásamt sex sérbúnum sparkvöllum lögðum gervigrasi við 6 skóla bæjarins og tólf körfuboltavellir.

**Íþróttavellir í Kópavogi:**

- Grasæfingasvæði Breiðabliks í Smáranum og kastsvæði.
- Grasæfingasvæði HK í Fagralundi og malarvöllur.
- Kópavogsvöllur.
- Smárahvammsvöllur.
- Fífan, gervigrasvöllur.
- Vallargerðisvöllur.
- Malarvöllur og æfingasvæðið við Álfatún.

### Íþróttahús

Í Kópavogi eru sjö íþróttahús, þar af fjögur sem rekin eru af bænum.

**Íþróttahús í Kópavogi:**

- Íþróttahús Kársnesskóla.
- Íþróttahús Kópavogsskóla.
- Íþróttahús Snælandsskóla.
- Íþróttahús Lindaskóla.
- Íþróttahúsið Smárinn.
- Íþróttahúsið Digranes.
- Íþróttahúsið í Versölum.

### Önnur íþróttastarfsemi

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar rekur 27 holu golfvöll í Vetrarmýri í landi Vífilsstaða og í Leirdal. Í Sporthúsinu er auk aðstöðu til líkamsræktar góð aðstaða til iðkunar fjölda annarra íþrótta, m. a. golf, knattspyrnu og tennis. Tennisfélag





Kópavogs hefur haft til afnota tvo tennisvelli í húsinu en sjö útivellir eru í bænum til tennisiðkunar. Hestamannafélagið Gustur er öflugt félag sem rekur bæði reiðvöll og glæsilega reiðhöll í samstarfi við bæjarfélagið í Glaðheimum. Siglingafélagið Ýmir starfar í Vesturvör og yfir sumartímann rekur ÍTK, í samvinnu við Ými, siglingaklúbbinn Kópanes. Í Bláfjöllum er aðstaða til skíðaíþrótta; þar rekur skíðadeild Breiðabliks glæsilegan skíðaskála í samvinnu við Kópavogsbæ.

Í kjallara íþróttahússins Digraness hefur Skotfélag Kópavogs aðstöðu til æfinga og keppni. Við Sandskeið er góð aðstaða til svifflugs í Kópavogi.

## Félagsmiðstöðvar

Árið 2006 störfuðu níu félagsmiðstöðvar fyrir 13-16 ára unglinga í Kópavogi. Starfstími þeirra er frá ágústlokum fram í miðjan maí.

**Félagsmiðstöðvar ÍTK**

| Ár | Gestafjöldi |
|---|---|
| 2003 | 46.143 |
| 2004 | 48.912 |
| 2005 | 47.236 |
| 2006 | 55.364 |

## Önnur æskulýðsstarfsemi

Skátafélagið Kópar er með aðsetur í Skátaheimilinu við Digranesveg. Þar fer fram fjölbreytt skátastarf fyrir aldurshópinn 6-18 ára. KFUM og KFUK starfa í Linda- og Salahverfi og í Digraneskirkju. Þar er boðið upp á kristilegt æskulýðsstarf fyrir 9-15 ára.

**Félagsmiðstöðvar í Kópavogi:**

- Ekkó (Kársnesskóla).
- Igló (Snælandsskóla).
- Kjarninn (Kópavogsskóla).
- Þeba (Smáraskóla).
- Hóllinn (Digranesskóla).
- Jemen (Lindaskóla).
- Mekka (Hjallaskóla).
- Fönix (Salaskóla).
- Dimma (Vatnsendaskóla).

**Fjölda iðkenda í félögum í Kópavogi 2006**

| Félag | ≤16 ára | ≥16 ára | Alls |
|---|---|---|---|
| Augnablik | 0 | 27 | 27 |
| Dansfélagið Hvönn | 80 | 121 | 201 |
| Dansíþr.félag Kópavogs | 193 | 285 | 478 |
| GKG | 215 | 1.231 | 1.446 |
| HK | 1.170 | 523 | 1.693 |
| Hestamannaf.Gustur | 88 | 458 | 546 |
| Íþróttafél. aldraðra Kóp. | 0 | 106 | 106 |
| Íþróttafélagið Gerpla | 828 | 46 | 874 |
| Íþróttafélagið Glóðin | 0 | 97 | 97 |
| Siglingafélagið Ýmir | 8 | 256 | 264 |
| Skotfélag Kópavogs | 1 | 135 | 136 |
| Tennisfélag Kópavogs | 130 | 413 | 543 |
| Umf. Breiðablik | 1.654 | 439 | 2.093 |
| **Samtals** | **8.562** | **9.049** | **17.611** |






## Menningardeild

Í Kópavogi eru starfrækt fjögur söfn, bókasafn, náttúrufræðisafn (sem er hluti af Náttúrufræðistofu), héraðsskjalasafn og listasafn. Í Tónlistarhúsi, sem er hluti af menningarmiðstöðinni á Borgarholti, er Salurinn, sérhannaður tónleikasalur auk Tónlistarskóla Kópavogs, en bærinn tekur þátt í rekstri hans ásamt tónlistarfélagi bæjarins.

### Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn

Listaverkaeign safnsins er um 2500 verk. Þar af í safni Gerðar Helgadóttur um 1400 verk og í safni Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar um 300 verk. Auk listaverkaeignar safnsins sjálfs eru í safninu geymd listaverk úr einkasafni erfingja Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvalds Guðmundssonar, sem kennd voru við Síld og fisk, samtals um 1000 verk.

**Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn**

| Ár | Gestafjöldi |
|---|---|
| 2000 | um 20.000 |
| 2001 | um 21.000 |
| 2002 | 24.567 |
| 2003 | 22.170 |
| 2004 | 24.094 |
| 2005 | 24.748 |
| 2006 | 19.297 |

### Salurinn

Salurinn hefur allt frá opnun í janúar 1999 gegnt þýðingarmiklu hlutverki í tónlistarlífi landsins. TÍBRÁ, tónleikaröð Kópavogs, hefur verið burðarásinn í tónleikahaldinu frá byrjun og heldur af myndugleik undir eitt hornið á íslensku tónlistarlífi. TÍBRÁIN heldur líka opnum glugga út í heim og hafa fjölmargir erlendir gestir látið í sér heyra á hennar vegum. Tónleikahald á vegum Kópavogsbæjar á sér raunar lengri sögu, en það hófst með markvissum hætti árið 1993.

**Fjöldi atburða og gesta í Salnum 2006**

| | Fjöldi atburða | Fjöldi gesta |
|---|---|---|
| Tíbrár tónleikaröðin | 33 | 4.276 |
| Almennir tónleikar | 46 | 8.691 |
| Tónleikar fyrirtækja | 4 | 1.200 |
| Tónleikar kennara TK | 6 | 305 |
| Tónleikar tónlistarskóla | 19 | 1.900 |
| Tónlistarskóli Kópavogs | 33 | |
| Tónlist fyrir alla | 24 | 4.800 |
| **Samtals** | **165** | **21.172** |
| Námskeið, ráðstefnur og fundir | 35 | 7.000 |
| **Samtals gestafjöldi** | | **28.172** |

### Bókasafn Kópavogs

Bókasafn Kópavogs var stofnað 15. mars árið 1953 og var síðastliðið ár því fimmtugasta og þriðja starfsár þess. Árið 2002 var það flutt ásamt Náttúrufræðistofu Kópavogs í núverandi húsnæði að Hamraborg 6a. Bókasafn Kópavogs rekur útibú, Lindasafn, í Lindaskóla að Núpalind 7.





| Bókasafn Kópavogs | | |
|---|---|---|
| | Í árslok 2005 | Í árslok 2006 |
| Safnkostur | 100.000 | 103.100 |
| Útlán í aðalsafni | 198.594 | 179.524 |
| Útlán í Lindasafni | 20.961 | 22.616 |
| Stöðugildi aðalsafn | 16 | 20 |
| Stöðugildi Lindasafn | 2 | 2 |
| **Heimsóknir á heimasíðu** | **63.536** | **209.474** |

## Náttúrufræðistofa Kópavogs

Náttúrufræðistofa Kópavogs var stofnuð með bæjarsamþykkt í desember 1983. Frá upphafi hefur stofan verið rekin nær einvörðungu af Kópavogsbæ án ríkisframlaga, ólíkt öðrum náttúrustofum í landinu. Lista- og menningarráð bæjarins fer með stjórn stofunnar. Samkvæmt nýrri stofnskrá frá árinu 2003 eru hlutverk Náttúrufræðistofunnar að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, sinna fræðslu, rannsóknum og ráðgjöf í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd.



*Bókasafn kópavogs og Náttúrufræðistofa.*

| Náttúrufræðistofa | |
|---|---|
| Ár | Gestafjöldi |
| 2001 | 1.729 |
| 2002 | 7.245 |
| 2003 | 7.800 |
| 2004 | 8.600 |
| 2005 | 9.200 |
| 2006 | 9.700 |

| Útlán í Bókasafni Kópavogs og Lindasafni | |
|---|---|
| Efnistegund | fjöldi útlána |
| Snældur | 1.844 |
| Bækur | 155.645 |
| Geisladiskar/hljóðbók | 5.052 |
| Tölvugögn | 713 |
| Mynddiskar | 3.451 |
| Tímarit | 22.408 |
| Myndbönd | 3.003 |
| Hljómplötur og nótur | 7 |
| Kort og spil | 32 |



*Svanurinn á tjörninni.*

# Félagssvið

- Félagssvið (félagsmálastjóri)
  - Rekstrardeild
  - Fjölskyldudeild
  - Daggæsludeild
  - Húsnæðisdeild
  - Þjónustudeild fatlaðra
  - Félagsstarf aldraðra
  - Þjónustudeild aldraðra







*Félagssviðs hefur yfirumsjón með félagslegri þjónustu bæjarins. Á félagssviði starfa sérhæfðir starfsmenn sem annast dagleg verkefni m.a. barnaverndarmál, forsjármál á seinni stigum, umgengnisréttarmál, ættleiðingar- og fósturmál barna, ráðgjöf í hjóna- og sambúðardeilum, áfengis- og vímuvarnir og fjárhagsaðstoð. Félagssvið fer einnig með málefni dagforeldra (daggæslu í heimahúsum), dagvistun barna á leikvöllum, ferlimál fatlaðra, mál efni aldraðra og öryrkja, félagslega heimaþjónustu og leiguhúsnæði bæjarins.*

Deildir sem heyra undir Félagssvið:

- Daggæsludeild.
- Félagsstarf aldraðra.
- Fjölskyldudeild.
- Húsnæðisdeild.
- Rekstrardeild.
- Þjónustudeild aldraðra.
- Þjónustudeild fatlaðra.

Helstu stjórnsýslunefndir sem starfa að málefnum á Félagssviði:

- Ferlinefnd.
- Félagsmálaráð.
- Húsnæðisnefnd.



*Fjör á trampolíni.*

Samanburður á útgjaldaliðum vegna félagsþjónustu árin 2004 - 2006 á verðlagi ársins 2006

| | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall útgjalda v. félagsþj. af skatttekjum Kópavogsbæjar | 8,45% | 7,90% | 8,33% |
| Kostnaður félagsmála á hvern íbúa | 25.872 | 25.695 | 28.148 |
| Fjárhagsaðstoð | 77.132.088 | 80.655.185 | 62.838.249 |
| Fjárhagsaðstoð á hvern íbúa | 2.989 | 3.042 | 2.282 |
| **Heildarútgjöld vegna félagsþjónustu** | **667.587.893** | **681.233.309** | **775.073.738** |





**Helstu verkefni Daggæsludeildar**

- Eftirlit og niðurgreiðslur vegna barna í daggæslu í heimahúsum í samvinnu við rekstrardeild.
- Rekstur gæsluleikvalla.
- Umsjón með daggæslu barna í heimahúsum.
- Umsjón leikfangasafns.



*Daggæsla í kópavogi.*

Á vegum Kópavogsbæjar eru starfræktir 4 gæsluleikvellir, einn í hverjum bæjarhluta: Holtsvöllur við Borgarholtsbraut, Hjallavöllur við Efstahjalla, Lækjarvöllur við Dalsmára og Hvammsvöllur við Hvammsveg. Tveir vellir eru lokaðir yfir vetrarmánuðina; Hjallavöllur og Hvammsvöllur.

Í desember 2006 var 31 dagforeldri starfandi í Kópavogi með samtals 140 börn.

Daggæsla er niðurgreidd fyrir öll börn. Niðurgreitt var vegna 171 barns í desember en greitt var vegna 207 barna árið 2005. Heimagreiðslur hófust í nóvember og var fjöldi barna orðinn 133 í desember og gæti það að hluta til skýrt fækkun barna í daggæslu í desember. Heildarniðurgreiðslur á árinu voru 61,9 milljónir króna en voru 37,9 milljónir árið áður. Þessi hækkun er tilkomin vegna nýrra reglna um niðurgreiðslur í daggæslu sem samþykktar voru í febrúar. Samkvæmt þeim fá allir foreldrar óháð hjúskaparstöðu sömu niðurgreiðslu-upphæð en hún er fyrir 8 tíma vistun kr. 30.000 á mánuði.






*Frá Lækjarvelli.*

Starfsemi Fjölskyldudeildar skiptist í félagslega ráðgjöf sem sinnir fjárhagsaðstoð, fjölskyldu- og einstaklingsráðgjöf og barnavernd sem sinnir vinnslu barnaverndarmála. Samvinna er milli deildarinnar og þjónustudeildar fatlaðra um þá þætti félagsþjónustu sem eru sameiginlegir. Einnig kemur deildin að úrvinnslu og meðferð umsókna um leiguhúsnæði





húsnæðisnefndar. Starfsmaður fjölskyldudeildar sinnir ásamt daggæslufulltrúa úttekt á þeim er sækja um leyfi til daggæslu í heimahúsum. Félagsmálaráð fer með hlutverk barnaverndarnefndar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

**Helstu verkefni Fjölskyldudeildar:**

- Áfengis- og vímuefnamál.
- Barnavernd.
- Eftirlit með fósturheimilum og sumardvalarheimilum.
- Félagsleg ráðgjöf.
- Fjárhagsaðstoð.
- Fjölskylduráðgjöf.
- Forvarnir.
- Forsjár- umgengnis - og ættleiðingarmál.
- Fósturmál, vistun og tilsjón með börnum.
- Ráðgjöf við samstarfsaðila.

**Barnaverndartilkynningar**

| | 2005 | 2006 |
|---|---|---|
| Tilkynningar | 628 | 611 |
| Fjöldi barna | 363 | 399 |
| Fjöldi barna til umfjöllunar í félagsmálaráði | 14 | 21 |

Félagsþjónustan veitir einstaklingum og fjölskyldum ráðgjöf varðandi ýmis málefni s. s. vegna erfiðleika við uppeldi barna sinna, húsnæðishrakninga, veikinda í fjölskyldu, atvinnumissis o. fl. Alls fengu 266 fjölskyldur fjárhagsaðstoð á árinu.

**Fjárhagsaðstoð 2006**

| Tegund | Upphæð | Hlutfall |
|---|---|---|
| Framfærsla | 36.592.729 | 55,3% |
| Veitt lán | 4.854.670 | 7,3% |
| Sérúrræði í barnavernd.málum | 4.910.789 | 7,4% í |
| Fjölsmiðjan | 4.521.276 | 6,8% |
| Styrkir vegna sérfræðiaðstoðar | 1.672.514 | 2,5% |
| Nám og endurhæfing | 8.900.174 | 13,4% |
| Útfararstyrkir | 498.384 | 0,8% |
| Ráðgj.st. um fjárm. heimilanna | 900.000 | 1,4% |
| Kostnaður vegna leiguíbúða | 282.990 | 0,4% |
| Jólastyrkir | 217.436 | 0,3% |
| Húsbúnaðarstyrkir | 300.000 | 0,5% |
| Styrkur vegna sérst. erfiðleika | 1.765.109 | 2,7% |
| Niðurgreidd leikskólagjöld | 190.472 | 0,3% |
| Aðrir styrkir | 571.598 | 0,9% |
| Endurgreidd lán | -3.339.892 | -5,0% |
| **Samtals** | **66.178.141** | **100,0%** |



# Félagssvið





*Í árslok 2006 voru 306 íbúðir í útleigu hjá Húsnæðisnefnd.*

**Helstu verkefni Húsnæðisdeildar:**

- Veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og húsaleigusamninga.
- Gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu um, og geta átt frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun.
- Hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélagsins til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga.
- Aðstoða aldraða og fatlaða, svo og samtök þeirra, við öflun húsnæðis með ráðgjöf við útboð, byggingaframkvæmdir, samningagerð o.fl.

**Úthlutun íbúða**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| 2ja herbergja | 28 | 18 | 18 | 9 | 19 |
| 3ja herbergja | 28 | 13 | 23 | 13 | 21 |
| 4ra herbergja | 12 | 8 | 16 | 8 | 6 |
| 5 herbergja | 1 | 2 | 1 | 4 | 1 |
| **Samtals íbúðir** | **69** | **41** | **58** | **36** | **47** |

**Helstu verkefni félagsstarfs aldraðra:**

- Matarþjónusta og matarsendingar í heimahús í samráði við þjónustudeild aldraðra.
- Rekstur félagsheimila fyrir aldraða.
- Þróun og framkvæmd félagsstarfsins í samráði við eldri Kópavogsbúa.



*Ungar mæður.*







### Helstu verkefni Þjónustudeildar aldraðra:

- Félagsleg heimaþjónusta.
- Vistunarmál.
- Rekstur dvalarheimila fyrir aldraða í Gullsmára og Skjólbraut.
- Rekstur hjúkrunarheimilis og dagþjálfunar fyrir minnissjúka aldraða í Roðasölum.
- Þátttaka í úthlutun leiguíbúða húsnæðisnefndar.
- Upplýsingar og ráðgjöf um öldrunarmál.
- Samstarf við félagasamtök og aðila í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu.
- Stefnumótun og áætlanagerð.






*Gefið öndunum.*



*Garðurinn snyrtur í Vogatungu.*

Markmiðið með félagslegri heimaþjónustu er að efla einstaklinga til sjálfsbjargar, gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsi, auka lífsgæði þeirra og félagsleg tengsl.

Í málefnum fatlaðra er lögð áhersla á að efla stuðningsþjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra með stuðningsfjölskylduúrræði og niðurgreiddri sérfræðiráðgjöf til foreldra. Þá geta íbúar á sambýli sótt um liðveislu. Áhersla er á fjölbreytni í ferðaþjónustu og uppbyggingu búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í Kópavogi.

### Helstu verkefni Þjónustudeildar fatlaðra:

- Ferðaþjónusta.
- Stuðningsþjónusta.
- Ferlimál.
- Ráðgjöf og ýmis verkefni sem tengjast fötlun.
- Búsetumál.





## Grænt bókhald

Kópavogsbær mun nú í fyrsta skipti birta sérstaklega grænt bókhald á vef bæjarins. Um er að ræða efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um ýmsa umhverfisþætti í rekstri bæjarfélagsins en einnig upplýsingar fyrir bæjarfélagið í heild sinni. Upplýsingarnar eru settar fram með lykiltölum sem eru mælikvarðar á magn eða stöðu viðkomandi umhverfisþáttar. Grænt bókhald gefur þannig notadrjúgar upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega stöðu. Sveitarfélögum er ekki skylt að halda grænt bókhald en bæjaryfirvöld Kópavogsbæjar telja gagnsemi þess margþætta.

Með því að vakta umhverfisþættina má mæla árangur í viðkomandi málaflokki og bera saman við sett markmið í Staðardagskrá Kópavogsbæjar. Þannig er grænt bókhald mikilvæg leið til að meta stöðu og fylgja eftir árangri varðandi umhverfismál og sjálfbæra þróun. Árangurinn mælist ekki aðeins í umhverfislegum ávinningi heldur oft einnig í fjárhagslegum sparnaði. Grænt bókhald er sömuleiðis tilvalinn vettvangur til að miðla upplýsingum um ástand hinna ýmsu umhverfisþátta til bæjarbúa. Einnig verða birtar lykiltölur varðandi þátttöku almennings í íþrótta- og menningarstarfsemi.

Grænt bókhald Kópavogsbæjar fyrir árið 2006 mun verða birt á vef Kópavogsbæjar síðar á árinu 2007. Stefnt er að því að færa bókhald fyrir 13 lykiltölur. Lykiltölurnar varða ekki einungis umhverfismál, heldur einnig þátttöku í menningar- og íþróttastarfi í Kópavogsbæ. Lykiltölunum er skipt í fimm flokka sem eru:

**Úrgangur:**

- Úrgangur til urðunar.
- Úrgangur til endurvinnslu.
- Skil dagblaða og tímarita.
- Skil drykkjarferna.
- Skil spilliefna.
- Skil skrifstofupappírs frá stofnunum bæjarins.

**Vatnsnotkun:**

- Notkun á köldu vatni.
- Notkun á heitu vatni.

**Orkunotkun:**

- Raforkunotkun.

**Náttúrufarsleg gæði:**

- Hreinleiki vatna.

**Þátttaka í menningar- og íþróttastarfi:**

- Heimsóknir í Menningarmiðstöð Kópavogs.
- Notkun Bókasafns Kópavogs.
- Virkir þátttakendur í íþrótta- og tómstundastarfi.

# Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Bæjarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2006 | Áætlun | 2006 | Áætlun |
| REKSTRARTEKJUR: | | | | |
| Skatttekjur | 9.431.112 | 9.311.299 | 9.417.665 | 9.287.918 |
| Aðrar tekjur. | 6.498.910 | 3.798.327 | 7.464.902 | 4.744.204 |
| | 15.930.022 | 13.109.626 | 16.882.567 | 14.032.122 |
| REKSTRARGJÖLD: | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5.926.486 | 5.715.888 | 5.974.703 | 5.760.937 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.463.426 | 3.927.879 | 4.645.657 | 4.092.317 |
| | 10.389.912 | 9.643.767 | 10.620.360 | 9.853.254 |
| Afskriftir | 385.441 | 370.586 | 759.330 | 739.914 |
| | 10.775.353 | 10.014.353 | 11.379.690 | 10.593.168 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 5.154.669 | 3.095.273 | 5.502.877 | 3.438.954 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 543.426 ) | ( 653.408 ) | ( 1.261.268 ) | ( 1.091.561 ) |
| Hlutdeild minni hluta í afkomu dótturfélags | 0 | 0 | 19.837 | 0 |
| **REKSTRARNIÐURSTAÐA ÁRSINS** | **4.611.243** | **2.441.865** | **4.261.446** | **2.347.393** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Efnahagsreikningur

| | Bæjarsjóður A hluti<br>A hluti | | Samantekið A og B hluti<br>A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| EIGNIR: | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 |
| FASTAFJÁRMUNIR: | | | | |
| *Varanlegir rekstrarfjármunir:* | | | | |
| Fasteignir | 14.560.003 | 12.823.386 | 17.830.055 | 15.940.633 |
| Götur, lönd, veitukerfi og hafnarmannvirki | 983.148 | 302.520 | 4.749.662 | 3.837.273 |
| Vélar, áhöld og tæki | 55.353 | 52.110 | 55.937 | 52.745 |
| | 15.598.504 | 13.178.016 | 22.635.654 | 19.830.651 |
| *Áhættufjármunir og langtímakröfur:* | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 971.511 | 900.386 | 251.006 | 251.006 |
| Langtímakröfur | 1.808.949 | 335.342 | 1.808.949 | 335.342 |
| Langtímakröfur, eigin fyrirtæki | 3.658.845 | 3.306.825 | 0 | 0 |
| | 6.439.305 | 4.542.553 | 2.059.955 | 586.348 |
| Fastafjármunir | 22.037.809 | 17.720.569 | 24.695.609 | 20.416.999 |
| VELTUFJÁRMUNIR: | | | | |
| *Skammtímakröfur:* | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 1.459.516 | 1.148.378 | 1.531.037 | 1.189.350 |
| Óseldar íbúðir | 0 | 0 | 331.181 | 48.297 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 16.521 | 13.545 | 16.521 | 13.545 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | 658.147 | 402.292 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.691.514 | 146.072 | 1.693.930 | 148.771 |
| Handbært fé | 78.196 | 69.477 | 97.279 | 97.384 |
| Veltufjármunir | 3.903.894 | 1.779.764 | 3.669.948 | 1.497.347 |
| **EIGNIR SAMTALS** | **25.941.703** | **19.500.333** | **28.365.557** | **21.914.346** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# 31. desember 2006

| SKULDIR OG EIGIÐ FÉ: | Bæjarsjóður A hluti 2006 | Bæjarsjóður A hluti 2005 | Samantekið A og B hluti 2006 | Samantekið A og B hluti 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ:** | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 14.390.602 | 9.779.359 | 13.731.183 | 9.469.737 |
| **HLUTDEILD MINNIHLUTA:** | | | | |
| Hlutdeild minnihluta í dótturfélagi | 0 | 0 | 71.358 | 91.195 |
| | 0 | 0 | 71.358 | 91.195 |
| **SKULDBINDINGAR:** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 2.766.280 | 2.416.280 | 2.766.280 | 2.416.280 |
| | 2.766.280 | 2.416.280 | 2.766.280 | 2.416.280 |
| **LANGTÍMASKULDIR:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 6.362.637 | 5.609.418 | 9.261.277 | 8.174.944 |
| Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki | 42.660 | 31.632 | 0 | 0 |
| | 6.405.297 | 5.641.050 | 9.261.277 | 8.174.944 |
| **SKAMMTÍMASKULDIR:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 276.698 | 213.383 | 276.698 | 213.383 |
| Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður | 1.224.575 | 678.736 | 1.307.046 | 717.492 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 878.251 | 771.525 | 951.715 | 831.315 |
| | 2.379.524 | 1.663.644 | 2.535.459 | 1.762.190 |
| Skuldir samtals án lífeyrisskuldbindingar | 8.784.821 | 7.304.694 | 11.796.736 | 9.937.134 |
| Skuldir samtals með lífeyrisskuldbindingu | 11.551.101 | 9.720.974 | 14.563.016 | 12.353.414 |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS** | **25.941.703** | **19.500.333** | **28.365.557** | **21.914.346** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2006

| | Bæjarsjóður A hluti | | Samantekið A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2006 | Áætlun | 2006 | Áætlun |
| **REKSTRARHREYFINGAR:** | | | | |
| Niðurstaða ársins | 4.611.243 | 2.441.865 | 4.261.446 | 2.347.393 |
| *Liðir, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:* | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 385.441 | 370.586 | 759.330 | 739.914 |
| Verðbætur og gengismunur | 842.124 | 569.749 | 1.071.709 | 765.574 |
| Verðbætur, eigin fyrirtæki | ( 2 55.430 ) | 0 | | |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélags | | | ( 19.837 ) | 0 |
| Söluhagnaður/- tap | ( 4.404.952 ) | ( 1.956.074 ) | ( 4.419.223 ) | ( 1.956.074 ) |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 350.000 | 170.000 | 350.000 | 170.000 |
| Veltufé frá rekstri | 1.528.426 | 1.596.126 | 2.003.425 | 2.066.807 |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | | |
| Óinnheimtar tekjur (hækkun), lækkun | ( 3 11.138 ) | ( 1.069.622 ) | ( 341.687 ) | ( 1.040.650 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun | ( 1.545.442 ) | ( 20.885 ) | ( 1.828.042 ) | ( 23.204 ) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 611.428 | ( 404.564 ) | 652.874 | ( 420.683 ) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | ( 1.245.152 ) | ( 1.495.071 ) | ( 1.516.855 ) | ( 1.484.537 ) |
| Handbært fé frá rekstri | 283.274 | 101.055 | 486.570 | 582.270 |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 6.085.078 ) | ( 6.379.949 ) | ( 6.829.211 ) | ( 6.983.274 ) |
| Yfirtöku- og gatnagerðargjöld og söluverð íbúða | 7.684.100 | 6.400.000 | 7.684.100 | 6.400.000 |
| Fjárfest í eignarhlutum | ( 7 1.125 ) | ( 70.000 ) | 0 | 0 |
| Langtímakröfur, breyting, (hækkun), lækkun | ( 1.476.583 ) | ( 151.113 ) | ( 1.476.583 ) | ( 151.113 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | 51.314 | ( 201.062 ) | ( 621.694 ) | ( 734.387 ) |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:** | | | | |
| Tekin ný langtímalán | 1.200.030 | 1.200.000 | 1.400.466 | 1.488.000 |
| Afborganir langtímalána og uppgreiðslur | ( 1.182.209 ) | ( 1.017.294 ) | ( 1.265.447 ) | ( 1.077.084 ) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | ( 3 43.690 ) | 188.230 | 0 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 325.869 ) | 370.936 | 135.019 | 410.916 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **8.719** | **270.929** | **( 105 )** | **258.799** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 69.477 | 69.477 | 97.384 | 97.384 |
| **Handbært fé í árslok** | **78.196** | **340.406** | **97.279** | **356.183** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna